

## Fréttir af RTR

Ráðið hefur verið í RTR starfið í Félagsmálaráðuneytinu. Guðrún Helgadóttir varð fyrir valinu og hefur hún störf mánudaginn 2. október. Við óskum henni til hamingju með starfið.

Einnig hefur verið ráðið í RTR starfið í Glitni. Breyting verður gerð á starfinu frá því sem áður var og felst starfið nú meira í gagnainnslætti. Kristinn H. Fjölmisson varð fyrir valinu og mun hann einnig hefja störf mánudaginn 2. október. Við óskum honum til hamingju með starfið.

## Laus RTR störf

**Félagsþjónustan Síðumúla.** Starfið er laust 2. nóvember. Vinnutími er alla virka daga frá 11.00 - 15.00. Starfið felur í sér móttöku viðskiptavina, símsvörun, skjalavörslu, undirbúning funda og umsjón kaffistofu.

**Hagkaup.** Starfið er laust í nóvember. Vinnutími er alla virka daga frá 9.00-13.00. Starfið felur í sér áfyllingu á Nammilandið í Hagkaup í Skeifunni.

Klúbburinn Geysir er opin allra virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.

## Fram undan í október

### Fimmtudagur 5. október

Opið hús til kl. 20.00  
Allir að mæta.

### Fimmtudagur 12. október

Haustferð á Akranes

### Laugardagur 14. október

Gengið á Keili og Bláalónið á eftir  
Lagt af stað frá Geysi kl. 11.00

### Fimmtudagur 19. október

Reykjavík 871 söguminjar

### Þriðjudagur 23. október

Tónleikar með Blásarakvintett Reykjavíkur í  
Listasafni Íslands kl. 14.00

### Fimmtudagur 26. október

DVD kvöld / Bíó

## Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og hefjast klukkan 09.00. Munið frían morgunmat frá 9.00 til 9.30  
Allir að mæta

## Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagi til að mæta á fundina.

### Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félagi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.  
Allir að mæta!!!

10 tölublað, október 2006

# Litli Hver



## Réttardagur

Hópur Geysisfélaga lagði af stað í Reykjaréttir með lítilli rútu snemma morguns laugardaginn 16. september. Reykjaréttir eru á Skeiðum á Suðurlandi skammt fyrir sunnan bæinn Reyki. Þar rétta Skeiða- og Flóabændur fé sitt. Skeiðaréttir hafa verið einar fjárflestu réttir á Suðurlandi, en nú

hefur fé þar fækkað mikið. Fjöldi fólks sækir þó enn Reykjaréttir. Veðrið lék við okkur, gat vart verið betra, sólskin og logn. Mannlíf og fjárlíf var sérstaklega skemmtilegt og mikil upplifun að fylgjast með haustverkum Skeiða- og Flóabænda. **Frábær dagur.**



Skipholti 29, 105 Reykjavík  
Sími: 551-5166, fax: 551-5136  
Netfang: kgeysir@kgeysir.is  
Veffang: www.kgeysir.is

## Jan í heimsókn

Jan félagi í Fountain House í Stokk-hólmi kom í heimsókn í klúbbinn Geysi á leið sinni til New York. Jan er hluti af úttektarteymi ICCD sem sér um að votta klúbbhús um allan heim. Elín, Kristinn og Stefanía spjölluðu við Jan um vottunarferlið og urðu margs vísari um þau mál. Ætlunin er að nýta þekkingu Jan við að undirbúa erindi klúbbsins Geysis á Evrópuráðstefnu í Munchen í nóvember. Einnig mun birtast ítarlegra viðtal við Jan í næsta tölublaði af Gosinu.

Jan í góðum hópi



## Félögum í Geysi boðið á tónleika

Mánudaginn 4. september var félögum í Geysi boðið á pianótónleika Víkings Heiðars Ólafssonar. Styrktaraðilar tónleikanna voru Minningarsjóður Margrétar Björgólfisdóttur, Listasafn Íslands og Prentmet. Listrænn stjórnandi var Gunnar Kvaran. Leikin voru háklassísk verk af slíkri snilld, að unun var á að hlýða. Kunnum við í Klúbbnum Geysi styrktaraðilunum, Gunnari Kvaran og Víkingi Heiðari bestu þakkar fyrir.

## Stjórnarfundur í Geysi

**Stjórnarfundur í Geysi 11. september** Á fundinum var lögð fram og rædd framkvæmdaáætlun sem félagar og starfsmenn Geysis unnu í Mosaic í London í júlí sem leið. Farið var yfir stöðu lyftumála og skýrt frá því að Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur veitt Geysi takmarkað byggingarleyfi á meðan unnið er í skráningartöflu. Breytingar eru fyrirhugaðar varðandi ráðningu til reynslu hjá Glitni. Starfið næstu sex mánuði verður mun meira skrifstofustarf en hingað til. Rætt um starfsmannamál og fjölgun starfsmanna. Umræða um að fá sjálfbodaliða í gegnum Alþjóðleg Ungmennasamskipti. Fjallað um Evrópuráðstefnu Klúbbhúsa sem verður haldin í Munchen í lok nóvember. Geysir sendir fulltrúa þangað enda hefur verið óskað eftir því að Geysir flytji erindi um vottunarferli.

## Jóla kort

Byrjað er að undirbúa jóla kortin og hefur eldhúsdeildin veg og vanda að gerð þeirra og eru þau með glæsilegasta móti. Áætlað er að senda kortin góðu til félaga og velunnara klúbbsins nú fyrir jól.



Hér er sýnishorn af kortunum glæsilegu

## Fréttir af húsfundum í september

**Á húsfundinum 6. september** var sagt frá RTR í Félagsmálaráðuneytinu. Rætt var um hversu mikilvægt sé að fá skýran fókus með markmiðsáætlunum og að fólk panti tíma með starfsmanni til markmiðsetninga. Áframhaldandi umræða var um lyftumálin, Alþjóða Geðheilbrigðisdaginn og opið hús. Sagt var frá að námsaðstaðan væri opin. Athugasemd var gerð um viðmiðunarregluglufundi.

**Á húsfundinum 13. september** var talað um Alþjóðageðheilbrigðisdaginn og myndlistarsýninguna. Kristinn greindi frá því sem fram fór á stjórnarfundum. Talað var um markmiðsáætlanir og fólk hvatt til að gera markmiðsáætlanir. Rætt var um hvernig á að ganga frá verkefnastöðu. Skiptir máli að verkefni séu klárud.

**Á húsfundinum 20. september:** Greitt var frá því að velferðarsvið Reykjavíkur hafi áhuga á samstarfi við Geysi vegna starfsendurhæfingarúrræðis sem setja á í gang fyrir karlmenn. Geðheilbrigðisdagurinn: myndlistarsýning 7.-8. október í Ráðhúsinu. Félagar í Geysi eru hvattir til að skrifa í fjölmiðla í tilefni af Geðheilbrigðisdeginum.

**Á húsfundinum 27. september:** Umræður voru um að oft eru margir að spjalla frammi í móttöku, og veldur það truflun á vinnumiðudum degi. Það er ekki góður frontur fyrir Klúbbinn að fólk sé að spjalla í móttöku. Ráðstefnan í Munchen 22.-24. nóvember, það er stefnt að því að 2 starfsmenn og 2 félagar fari á ráðstefnuna ef flugmiðar fást á hagstæðu verði. Félagar hvattir til að skrá sig.

## Námskeið í haust

Fyrirhugað er að halda tölvunámskeið í Klúbbnum Geysi í haust. Það verður haldið námskeið í Photoshop með Jóni Sigurgeirsyni dagana 2, 6, 9. og 13. október milli kl. 13 og 16. Áhugasamir geta skráð sig í móttöku. Einnig munu Guðni og Elín standa fyrir öðru byrjendanámskeiði á tölvur dagana 3, 5, 10. og 12. október milli kl. 13 og 15. Áhugasamir geta skráð sig í móttöku. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu verkefni skrifstofudeildar. Fyrirhugað er að halda framhaldsnámskeið í nóvember en það verður nánar auglýst síðar.

## Afmælis matarmiðar

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að þeir félagar sem eiga afmæli, fá ókeypis hádegisverð í tilefni dagsins.



## Markmiðsáætlanir

Kæri félagi. Ef þú ert ekki viss um hvert þú ætlar, hvað þú átt að gera og hvað þú vilt þá gæti markmiðsáætlun hentað þér. Markmiðsáætlun er verkfæri sem þú getur notað til að taka ábyrgð á eigin lífi og minnir þig á alla þá jákvæðu og uppbyggilegu hluti sem þú getur gert. Veldu þér starfsmann og festu niður tíma til að vinna þína markmiðsáætlun.